

Nd.

87. Breytingartillögur

[64. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni, Guðlaugi Gíslasyni
og Karli Guðjónssyni.

Framan við 1. tölulið 1. gr. komi nýir töluliðir:

1. Aftan við A. 13 kemur nýr liður:

Hraunsheiðarvegur: Af Austurvegi norðan Vindheima um Hraunsheiði á Hafnarskeiðsveg á Óseyrartanga.

2. Á eftir A. 14 kemur nýr liður:

Hvammisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ingólfsfjalls um nýbýlahverfið, fram hjá Hvammi, Gljúfri og Sogni á Suðurlandsveg hjá Gljúfurholti.

3. Á eftir A. 19 kemur nýr liður:

Búrfellsvegur: Af Sogsvegi hjá Ásgarði um Búrfell, Hæðarenda og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.

4. A. 21 orðist svo:
Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði, á Biskupstungnabraut austan Svinavatns.
5. Á eftir A. 30 koma nýir liðir:
 - a. *Skarðsvegur*: Af Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.
 - b. *Laxárdalsvegur*: Af Gnúpverjavegi neðan Hamarsheiðar, hjá Mástungum og Skálabúðum að Laxárdal.
6. Á eftir A. 32 kemur nýr liður.
Urriðafossvegur: Af Suðurlandsbraut skammt frá Þjótanda um Urriðafoss, Egilsstaðahverfi á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.
7. Á eftir A. 37 kemur nýr liður:
Háfsósabraut: Af Þjóðveginum hjá Fífilbrekku um Kálfholt, hjá Sauðholti á Þjóðveginn hjá Sandhólaferju.
8. Á eftir A. 39 kemur nýr liður:
Bugavegur: Af Veteifsholtsvegi við Veteifsholt um Hellatún á Þjóðveginn við Ás.
9. Á eftir A. 41 koma nýir liðir:
 - a. *Útkröksvegur*: Af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
 - b. *Lækjarvegur*: Af Þjóðvegi við Stúfholt um Læk að Akbraut.
 - c. *Hvammavegur*: Af Þjóðveginum hjá Múla um Hellur að Hvammi.
 - d. *Bjallavegur*: Af Þjóðveginum við Bjallalæk, um Bjalla og Hrólfsstaðahelli að Húsgarði.
10. Á eftir A. 46 kemur nýr liður:
Keldnavegur: Af Þjóðveginum austan við Reyðarvatn um Keldur að Reynifelli.
11. Á eftir A. 47 kemur nýr liður:
Árgilsstaðavegur: Af Þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
12. Á eftir A. 49 kemur nýr liður:
Sigluvíkurvegur: Af Þjóðveginum við Fljótsveg um Sigluvík að Skúmsstöðum.
13. Á eftir A. 50 koma nýir liðir:
 - a. *Krossvegur*: Af Þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Sel og Hildisey að uppþurrkunarskurðinum sunnan Kross.
 - b. *Affallsvegur*: Af Þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Kanastaði á Þjóðveginn hjá Úlfsstaðahverfi.
14. A. 53 orðast svo:
Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð, um Múla- kot og Barkarstaði að Fljótsdal.
15. Á eftir A. 53 koma nýir liðir:
 - a. *Vatnsdalsvegur*: Af Þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
 - b. *Markarfljótsvegur*: Frá Markarfljótsbrú vestan Dímonar á Fljótshlíðarveg hjá Árkvörn.
16. Á eftir A. 54 kemur nýr liður:
Hólmabæjavegur: Frá vegamótum á Markarfljótsaurum um Dalsel, Borgar- eyrar og Svanavatn á Landeyjaveg syðri norðan Miðeyjar.
17. Á eftir A. 57 kemur nýr liður:
Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi sunnan Lambafells um Raufarfells- og Rauðafellsbæi á Suðurlandsveg vestan Kaldaklifsár.
18. Á eftir A. 59 kemur nýr liður:
Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Pétursey, með byggðinni sunnan Péturseyjar á Suðurlandsveg vestan við eyna.

19. Á eftir A. 65 kemur nýr liður:

Meðallandsvegur syðri: Af Meðallandsvegi austan við Efri-Ey um Bakka-
kot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágú-Kotey, Nýjabæ, Rofabæ, Strönd á Meðallandsveg
ofan Strandar.

20. A. 66 orðast svo:

Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú
vestri að Holti, inn Holtsdal, um Skaftárdal að Búlandi í Skaftártungu.

21. Á eftir A. 73 kemur nýr liður:

Dalavegur í Vestmannaeyjum: Frá Kirkjutorgi til flugvallar.